

Kæru nemendur og forráðamenn

Sífelld berast nýjar upplýsingar um kórónavírusinn sem herjar nú á heimsbyggðina og nú er staðan sú að fólk er tekið að smitast hvert af öðru innanlands. Allir þurfa að leggjast á eitt við að hægja á útbreiðslu veirunnar því þótt heilsuhraust fólk upplifi veikina eins og hverja aðra flensu getur hún reynst einstaklingum með veikari varnir skeinuhætt. Ég bið ykkur því um að lesa þetta bréf vandlega til enda og taka til greina þau tilmæli sem í því felast.

Þau ykkar sem hafið einkenni kvefs eða flensu eruð beðin um að halda ykkur heima þar til ykkur líður betur. Ef minnsti grunur er um kórónavírusmit er rétt að hafa samband við læknavaktina í síma 1700. Ef eitthvert ykkar á að vera í sóttkví treystum við því að þið fylgið þeim tilmælum í einu og öllu. Eins þurfa þau ykkar sem búa með eða eru í miklum samskiptum við aldraða eða fólk sem er veikt fyrir, að haga ykkur í samræmi við það. Mögulega gæti það í einhverjum tilvikum þýtt að þið þyrftuð að vera heima.

Ef eitthvað slíkt á við um ykkur þá biðjum við ykkur að hafa strax samband við ykkar deildarstjóra eða skrifstofu, gott er að byrja á því að senda tölvupóst og gefa upp símanúmer ef ástæða er til frekara samtals. Netfang skrifstofu er mir@mir.is, deildarstjóri barnadeildar er með barnadeild@mir.is og deildarstjóri námskeiðaskóla er með namskeid@mir.is.

Við höldum skólafarfinu áfram og ætlum að ljúka skólaárinu á tilsettum tíma. Þótt fjarnám sé ekki heppilegasta leiðin í verklegu listnámi þá tókumst við á þær áskoranir sem við mætum með bjartsýni og útsjónarsemi að leiðarljósi. Ekki svo að skilja að kröfurnar til ykkar verði eitthvað minni en við þurfum hugsanlega að finna nýjar leiðir til að miðla til ykkar þekkingu og meta ykkar nám.

Gott er að hafa hugfast að vera ekki á óþörfu flakki innan skólans og sömuleiðis að vanda umgengni við matvæli í eldhúsinu, t.d. að setja disk undir brauðsneiðina, ekki leggja hana beint á borðið.

Hurðarhúnar, lyklaborð, talnalásar og aðrir helstu snertifletir sem margir nota daglega eru sótthreinsaðir minnst fjórum sinnum á dag. Handspritt og sótthreinsifroða er við öll salerni og í eldhúsi. Það getur jafnvel verið sniðugt að eiga lítinn sprittbrúsa í töskunni. Þá má kaupa í apótekum. Notuðum snýtbrefum ber að henda í ruslafötur á salernum, ekki í pappírstoppa inni í kennslustofum og á göngum.

Verið vakandi fyrir skilaboðum frá okkur. Viðbragðsleiðbeiningar fyrir skóla sem unnar hafa verið m.a. af fulltrúum skólameistarafélagsins og Almannafróðnaðar er að finna á vefsíðu skólans. Viðbragðsteymi skólans hittist daglega og tekur stöðuna. Í teyminu sitja auk undirritaðrar, Einar Garibaldi Eiríksson deildarstjóri sjónlistadeildar, Charlotta R Magnúsdóttir deildarstjóri barna- og unglingadeildar og Sigurjón Gunnarsson öryggisfulltrúi skólans.

Nýjustu upplýsingar hverju sinni er ávallt að finna á vef landlæknis hér.

Með bestu kveðjum, Áslaug Thorlacius skólameistari.